

69
24. maí. Í tilskipun um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykja-
vík o. s. frv. 4. des. 1886, 1. gr., er það skýlaust tekið fram, að konum sje heimilt
með sömu skilmálum og lærisveinum hins lærða skóla í Reykjavík að ganga undir árs-
próf 4. bekkjar, og verð jeg því að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að engin
heimild sje til að veita konu leyfi til að ganga undir próf þannig lagað, sem beiðand-
inn fer fram á.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birt-
ingar.

70
25. maí. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sveit-
festi þurfaings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 15. f. m., hafið þjer, herra amtmaður,
sent hingað skjöl snertandi sveitfesti Björns nokkurs Sigurðssonar á Hauksstöðum í Jök-
uldal, sem þjer með úrskurði yðar 12. des. f. á. ákváðuð sveitlægan í fæðingarhreppi
sínun, Tunguhreppi í Norðurmúlasýslu, en þessum úrskurði yðar hefur hreppsnefndin í
nefndum hreppi áfrýjað til mín.

Skjöl málsins bera það með sjer, að Björn þessi Sigurðsson hefur hvergi dvalið
núgu lengi, eptir að hann varð 16 ára, til þess að ávinna sjer sveit, nema ef vera skyldi
í Vallahreppi í Suðurmúlasýslu, en þar dvaldi hann frá 1850—1862, en á þessum 12
ára tíma fór hann tvisvar sinnum, svo að ár voru á milli, úr hreppnum, sem vistráðið
hjú, þó svo, að dvöl hans varð ekki nema vika á öðrum staðnum og nokkrar vikur á
hinum, en í bæði skiptin hvarflaði hann aptur til Vallahrepps. Það verður nú eigi
öðruvísi álitíð, en að þessar brottfarir hans úr Vallahreppi, þó stuttar yrðu, hafi verið
regluleg vistferli, enda styrkist líka þessi skoðun við þann vitnisburð tveggja manna, er
því voru kunnugastir, og sem gefinn er undir eiðstilboð, að Birni hafi verið gefin upp
vistarráðin og að hann eptir samkomulagi hafi fengið leyfi til að hverfa aptur til Valla-
hrepps. Jeg verð því að vera yður samdóma um, að Björn Sigurðsson hafi hvergi unn-
ið sjer sveit með lögboðinni 10 ára dvöl, og að hann því eigi framfærslurjett í fæðing-
arhreppi sínum Tunguhreppi í Norðurmúlasýslu.

Samkvæmt framansögðu staðfestist því hjermeð oafngreindur úrskurður yðar.
Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

EMBÆTTASKIPUN.

20. maí var skrifstofustjóri í hinu íslenska ráðaneyti í Kaupmannahöfn, Anders Dybdal,
skipaður af konungi stjórnardeildarforstjóri í sama ráðaneyti, og jafnframt var assistent í ráðaneytinu,
cand. jur. Ólafur Halldórsson, skipaður af konungi skrifstofustjóri samastaðar.

24. s. m. var Miklabæjar prestakall í Skagafjarðar prófastsdæmi veitt af landshöfðingja sjera
Birni Jónssyni á Bergstöðum samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaðar.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

er veitt verða með þeim fyrirvara, að þeir, er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra
er leitt getur af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Reykjavík (Reykjavíkursókn) í Kjalarness prófastsdæmi. Brauðið er metið 3758 kr. 79 a.
Auglýst 4. maí 1889. Brauðið liggur undir veitingu konungs.

Bergstaðir í Húnavatns prófastsdæmi (Bergstaða- og Bólstaðahlíðar-sóknir). Á brauðinu
hvilir lán frá 1883, upphaflega 800 kr., er afborgast á 16 árum. Brauðið er metið 1075 kr. 43 a. Aug-
lýst 27. maí 1887.